

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Ágrip úr réttarfari

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: **Ágrip úr réttarfari (25%)**
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%), ágrip úr réttarfari (25%).

Prófdagur: **2. nóvember 2013** Kl.: 09:00 til 13:00

Próftími alls: **4 klst.** Prófblöð **3**
vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsiða:

Leyfileg hjálpargögn: **Lög og reglugerðir** Fylgiblöð: **Engin**

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

A. Gerið grein fyrir eftirfarandi hugtökum (15%):

1. *Vitnaskýrsla í almennu einkamáli (3,0%).*

2. *Aðfararheimild (3,0%).*

3. *Félagsdómur (3,0%).*

4. *Kæra máls og áfrýjun máls til Hæstaréttar (6,0%).*

B. Fullyrðingar (10%)

Einungis er eitt rétt svar við hverri krossaspurningu.

Gefið er 2,0% fyrir hvert rétt svar.

Dregið er frá 2,0% fyrir rangt svar.

Ef ekki er tekin afstaða til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Fjárnám er nauðsynlegur undanfari nauðungarsölu þegar um fasteignir er að ræða:
 Rétt
 Rangt

2. Greiðslustöðvun er tímabundið réttarúrræði fyrir skuldara sem hefur það markmið að rétta af fjárhag skuldara til framtíðar:
 Rétt
 Rangt

3. Frestdagur (þegar um gjaldþrotaskipti er að ræða) er sá dagur sem héraðsdómari kveður upp úrskurð um að bú þrotamanns sé tekið til gjaldþrotaskipta:
 Rétt
 Rangt

4. Ávallt er hægt að áfrýja máli til Hæstaréttar, sama hver niðurstaða þess er fyrir héraðsdómi:
 Rétt
 Rangt

5. Nauðungarsölu er hægt að beita, að vissum skilyrðum uppfylltum, við skipti á þrotabúum og dánarbúum:
 Rétt
 Rangt